

STARFSREGLUR

um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009,

sbr. starfsrgl. nr. 954/2010.

1. gr.

■[Á vegum þjóðkirkjunnar skal starfrækja Fjölskylduþjónustu kirkjunnar sem veitir sérhæfða þjónustu í fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. Fjölskylduþjónustan er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar og lýtur faglegri forystu biskups Íslands, en heyrir að öðru leyti undir kirkjuráð.]¹⁾

1) Starfsrgl. 954/2010, 11. gr.

2. gr.

■Með sérhæfðri þjónustu kirkjunnar í fjölskyldumálum er átt við að:

- a) styðja fjölskyldur sem þess óska með viðtölum, ráðgjöf og fræðslu,
- b) styðja og efla presta og djákna í samskiptum við fjölskyldur, svo sem í viðtölum, í sáttumleitunum, fræðslustarfi og ráðgjöf.

3. gr.

■Fjölskylduþjónusta kirkjunnar annast handleiðslu presta, djákna og annarra starfsmanna kirkjunnar eftir því sem við á. Biskup og kirkjuráð setja reglur um fyrirkomulag handleiðslunnar og kostnað.

4. gr.

■Kirkjuráð ræður forstöðumann Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og skal hann vera prestur með sérmenntun á starfssviði stofnunarinnar. Hann ræður starfsfólk í samráði við biskup Íslands. Kirkjuráð setur forstöðumanni erindisbréf.

5. gr.

■Forstöðumaður og starfsfólk er bundið þagnarskyldu um það sem leynt á að fara þ.e. málefni skjólstaðinga, og annað sem lýtur að rækslu starfa þeirra og málefni stofnunarinnar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

6. gr.

■Fjölskylduþjónustunni er heimilt að afla sértekna samkvæmt gjaldskrá er staðfest skal af kirkjuráði.

7. gr.

■Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2010. Frá sama tíma falla á brott starfsreglur um sérhæfða þjónustu kirkjunnar við fjölskylduna nr. 824/2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

■Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. ræður kirkjuráð forstöðumann úr röðum starfsmanna stofnunarinnar tímabundið.